

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 1. desember 2020

Efni: Umsögn Arkitektafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um listamannalaun, nr. 57/2009 (tímabundin fjölgun starfslauna og styrkja), 310. Mál.

Arkitektafélag Íslands hvetur eindregið til þess að framlög til listamannalauna verði aukin með það að markmiði að fjölga úthlutuðum mánuðum til hönnuða. Hönnuðum er úthlutað 50 mánuðum til starfslauna á ári hverju, rétt rúmum 3% af heildarúthlutun listamannalauna. Störf hönnuða eru mjög fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að fela í sér viðamikla rannsóknarvinnu og nýsköpun. Mikil þörf er á að hlúa að óháðri listrænni rannsóknarvinnu og gegna starfslaun hönnuða þar lykilhlutverki.

Hönnuðir mynda stóran og þverfaglegan hóp með víðtæka þekkingu og reynslu sem snerta marga fleti samfélagsins. Viðfangsefni hönnunar eru fjölbreytt og gegna hönnuðir mismunandi hlutverki hverju sinni. Hönnuðir eru arkitektar, húsgagna- og innanhússarkitektar, landslagsarkitektar, vöru- og iðnhönnuðir, leirlistamenn, fatahönnuðir, textílhönnuðir, gullsmiðir, teiknarar og grafískir hönnuðir. Fleiri nemendur útskrifast frá Hönnunar- og arkitektúrdeild en frá nokkurri annarri deild Listaháskólans. Á ári hverju útskrifast þar að auki fjöldi einstaklinga í þessum greinum erlendis frá. Ljóst er að hönnuðir mynda fjölbreytta og fjölmenna starfsstétt sem býr yfir mikilli sérþekkingu og reynslu.

Ímyndunarafl og gagnrýnin hugsun eru tól sem arkitektar og hönnuðir nýta einna helst til að skapa nýja sýn, nýja heima og framtíðarhugmyndir. Hið manngerða umhverfi stendur frammi fyrir nýjum og stórum áskorunum í síbreytilegum heimi sem samkvæmt fjölda vísindamanna verður að leysa tafarlaust og það gerist ekki án aðkomu arkitekta og hönnuða.

Hönnuðir útfæra hugmyndir á mismunandi hátt, allt eftir því hvernig þeir eru þjálfaðir og hvernig þeir vinna. Arkitektar varpa fram sjónrænum hugmyndum um nýja framtíð, með greiningum og raunsæjum lausnum. Þeir eru þjálfaðir til að draga saman þekkingu úr ólíkum miðlum, þvert á faggreinar. Menntun þeirra undirbýr arkitekta til að vera róttækir í endurhugsun, endurhönnun og óhrædd við að nálgast framtíðina. Til að hönnuðir og arkitektar geti unnið þessa vinnu þarf að styrkja starfsumhverfi þeirra. Það er ótvírætt að með aukinni úthlutun í starfslaun hönnuða mun samfélagið í heild sinni njóta ávaxta þeirra vinnu.

Hönnuðir geta einnig sótt um í Hönnunarsjóð fyrir sjálfsprottin verkefni. Sá sjóður er að jafnaði með 50 milljónir til úthlutunar og er sótt um í kringum 500 milljónir ár hvert. Meðalúthlutun úr sjóðnum er um 1 milljón, sem verður að teljast mjög lág úthlutun þegar um framkvæmdasjóð er að ræða. Þetta er langminnsti framkvæmdarsjóðurinn hérlendis og úthlutanirnar með langlægstu upphæðirnar, athyglisvert sérstaklega í ljósi þess að langflestu styrkþegarnir eru konur. Þessu er varpað hér fram til að sýna mikilvægi starfslauna í samanburði við aðra sjóði sem hönnuðir og arkitektar geta sótt fjármagn í.

Fjöldi úthlutaðra mánaða til starfslauna hönnuða hefur haldist óbreyttur frá því að lög um listamannalaun frá árinu 2009 tóku gildi og eru þeir 50 talsins (að undanskildum árunum 2010 þegar mánuðirnir voru 20 og 2011 þegar mánuðirnir voru 35).

Árið 2020 var listamannalaunum úthlutað til alls 325 einstaklinga og fengu af þeim aðeins sjö hönnuðir úthlutun eða 2,2% af heildarfjöldanum. Að baki þessara sjö hönnuða standa arkitektar, húsgagna- og innanhússarkitektar, landslagsarkitektar, vöru- og iðnhönnuðir, leirlistamenn, fatahönnuðir, textílhönnuðir, gullsmiðir, teiknarar og grafískir hönnuðir.

Árið 2020 var sótt um alls 697 mánuði í starfslaun hönnuða af 50 mögulegum. Eftirspurn í starfslaun hönnuða er um 14 sinnum hærra en framboð. Í myndlist var sótt um 3233 mánuði af 435 mögulegum og er eftirspurn þar 7,5 sinnum hærra, 5,1 hjá rithöfundum, 7,2 hjá tónlistarflytjendum, 7,7 hjá tónskáldum og 8,7 hjá sviðslistum. Ljóst er að hlutfallslega er langmesta eftirspurn hjá starfslaunum hönnuða eða um tvöfalt meiri en í öðrum listgreinum.

Við leggjum til við stjórnvöld að úthlutun starfslauna til hönnuða verði tvöfölduð upp í 100 mánuði og þar með, miðað við umsóknir ársins 2020, megi gera ráð fyrir að samband eftirspurnar og framboðs sé svipað milli listgreina.

Í ljósi þeirra áskoranna sem heimurinn og íslenskt samfélag stendur frammi fyrir er brýnt að búa listrænni nýsköpun öflugt starfsumhverfi til þess að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Verkefnin munu ekki aðeins efla stétt hönnuða heldur mun sú vinna nýtast víðar, frá tæknilegum lausnum yfir í hugmyndafræði stjórnmálanna.

Í raun er þetta einfalt. Gætum sanngirni, aukum og eflum störf hönnuða á sama grundvelli og við erum nú þegar að efla aðrar listgreinar.

Virðingarfyllt,

Arkitektafélag Íslands